

**GJALDSKRÁ**  
**félagslegrar heimaþjónustu**

1. gr.

Þjónustubegar greiða fyrir aðstoð við almenn heimilisstörf.  
Önnur þjónusta er gjaldfrjáls.

2. gr.

Gjald fyrir heimaþjónustu er reiknað út frá launataxta Einingar Iðju 128 að viðbættu 6% persónuálagi, 13,04% orlofi og 25% launatengdum gjöldum og uppfærist 1. janúar ár hvert.

Gjöld eru sem hér segir:

Heimaþjónusta 4.711 kr./klst.

Gjald fyrir matarbakka 1.000 kr. stk.

3. gr.

Afsláttur er veittur af gjaldi heimaþjónustu miðað við tekjur þjónustubega.

Tekjumörk eru ákvörðuð út frá framfærsluviðmiðum Tryggingastofnunar í ágúst ár hvert, þar sem þeir sem hafa tekjur undir framfærsluviðmiðum ásamt heimilisuppbót greiða ekki fyrir heimaþjónustu. Viðmiðunartekjur fyrir hjón og sambúðarfólk er hið sama og fyrir einstaklinga margfaldað með 1,5. Þeir sem hafa tekjur að 50% yfir viðmiðunartekjur greiða  $\frac{1}{3}$  af gjaldi, þeir sem hafa tekjur að 75% yfir viðmunartekjum greiða  $\frac{1}{2}$  af gjaldi og þjónustubegar með tekjur umfram það njóta ekki afsláttar.

Tekjumörk eru sem hér segir:

Fyrir einstaklinga

a) með tekjur allt að	kr. 4.788.408,-	100% afsláttur
b) með tekjur á bilinu	kr. 4.788.409,- til 7.182.612,-	66% afsláttur
c) með tekjur á bilinu	kr. 7.182.613,- til 8.379.714,-	50% afsláttur

Fyrir hjón og samskattað sambýlisfólk

a) með tekjur allt að	kr. 7.182.612,-	100% afsláttur
b) með tekjur á bilinu	kr. 7.182.613,- til 10.733.918,-	66% afsláttur
c) með tekjur á bilinu	kr. 10.733.919,- til 12.569.571,-	50% afsláttur

S v a l b a r ð s s t r a n d a r h r e p p u r


Ráðhúsinu Svalbarðseyri - 606 Akureyri

Árlega er kallað eftir tekjuupplýsingum. Kjósi þjónustubegar af einhverjum ástæðum að skila ekki inn tekjuupplýsingum fyrir tilskilinn tíma greiða þeir fullt gjald. Berist gögn eftir tilskilnn frest tekur breyting gildi næsta mánuð á eftir. Þjónustubegi skal tilkynna breytingar á högum sínum.

4. gr.

Gjöld eru innheimt mánaðarlega, í næsta mánuði eftir að þjónusta er innt af hendi.

*Samþykkt á 144. fundi sveitarstjórnar Svalbarðsstrandarhrepps 3. desember 2024.*

  
Pórunn Sif Harðardóttir, sveitarstjóri

